

Fundargerð *Stjórnarfundur nr.46*

Stjórnarfundur Norðurár bs. haldinn í þjónustuhúsinu að Stekkjarvík, fimmtudaginn 24. nóvember 2011, kl. 16.00


Mætt voru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson, Ólöf Jósefsdóttir áheyrnarfulltrúi og Fannar Viggósson, starfsmaður Norðurár bs.

Dagskrá:

1. Kosning formanns og ritara
2. Rekstur
 - a. Helstu niðurstöður bókhalds fyrstu 10 mánuði 2011
 - b. Yfirlit um rekstur urðunarstaðar
3. Fjárhagsáætlun 2012
4. Gjaldskrá 2012
5. Önnur mál

Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna

1. Kosning formanns og ritara
Tillaga um Magnús B. Jónsson sem formann stjórnar og Gísla Árnason ritara.
Samþykkt
2. Rekstur
 - a. Formaður skýrði helstu niðurstöður rekstrar fyrstu 10. mánuði ársins. Rekstrartekjur kr. 56.188.457 og rekstrargjöld kr. 49.021.073. Hagnaður tímabilsins kr. 7.977.133, sem er í samræmi við áætlun ársins
 - b. Fannar fór yfir rekstur svæðisins það sem af er. Búið er að fylla í neðsta lag gryfjunnar, ca. 2 m. sem hefur svo sigið um hálfan meter. Fengin reynsla gefur til kynna að hámarksvindur til losunar sorps á svæðinu sé um 18 m/s. Fannar sagði frá sýnatöku Heilbrigðiseftirlitsins frá afrennsli svæðisins, sem verður skoðað nánar og eftirliti Umhverfisstofnunar. Félagið þarf að hafa tiltækan urðunarstað til vara og talað er um samvinnu við urðunarsvæðið við Fíflholt í því sambandi. Rætt um þjöppun sorpsins og umhverfi svæðisins. Fyrirhuguð er gróðursetning til að binda efnishaug og almenna fegrun svæðisins. Fram kom að lagt hafi verið í kostnað við að jafna og ganga frá efnislagernum til að mögulegt sé að sá í hann.



3. Fjárhagsáætlun 2012
Farið yfir fjárhagsáætlun áráanna 2011 og 2012, þar sem miðað er við að taka á móti 974 tonnum á mánuði og urðunargjald 7,70 kr/kg. Tekjur eru áætlaðar 90 millj. kr. rekstargjöld 57 millj. kr. og afborganir langtímalána áætlaðar 16 millj. kr.
4. Gjaldskrá ársins 2012
Samþykkt að lækka gjald fyrir gróft timbur og byggingarúrgang úr 15 kr/kg í 10 kr. og nánari uppskipti gjaldskrár í ljósi fenginnar reynslu. Að öðru leyti verður gjaldskrá óbreytt milli ára
5. Önnur mál
 - a. Formaður sagði frá heimsókn FENÚR og skoðunarferð þeirra um svæðið. Óskaði hann eftir aðild Norðarár bs. að samtökunum
 - b. Rætt um gerð Svæðisáætlunar um sorpförgun fyrir Norðurland sbr. samþykkt aðalfundar félagsins. Fram kom að starfsmenn Flokkunar Eyjafjörður og Moltu muni vinna drög að verk- og framkvæmdaáætlun
 - c. Umræður um lífrænt sorp. Velt upp mögulegum úrræðum til förgunar þess og aðkomu félagsins að því
 - d. Fannar vakti máls á liðnum, laun og launatengd gjöld, í fjárhagsáætlun ársins 2012 og nauðsyn þess að ráða annann starfsmann að félaginu. Magnúsi og Fannari falið að fara yfir málið og leggja fram tillögu til stjórnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.25
Fundargerð ritaði Gísli Árnason